

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 107
endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, 16. sept. herra amtmaður, dags. 12. f. m., hef meðtekið erindi hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi, dags. 6. marz þ. á., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði amtsins, dags. 31. marz f. á., sem ákveður, að nefndur hreppur skuli endurborga Vatnsleysustrandarhreppi framlag hans með Kristjáni nokkrum Ásmundssyni og hyzki hans á árinu 1890, að upphæð 108 kr. 86 aur, svo og önnur skjöl máli þessu viðvíkjandi, þar á meðal umsögn hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi um áfrýjunina, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að með því að dráttur sá, sem orðið hefir á tilkynningu um styrkveitinguna, er fyrst var gjörð 21. ágúst 1890, virðist rjettlættur með því, að hlutaðeigandi hreppsnefnd hafi ekki haft vitneskju um framfærsluhrepp Kristjáns Ásmundssonar fyrr en í júlí s. á., og með því að hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur fallið frá kröfu um endurgjald fyrir 1 pund af tóbaki á 1 kr. 20 aura, og gjört fullnægjandi grein fyrir þeim öðrum liðum reiknings síns, er fundið er að í áfrýjunarskjalinu, þá skal hinn áfrýjaði amtsúrskurður, sem jeg að öðru leyti er samþykkur,

1) Úrskurður amtsins hljóðar svo:

„Haustið 1889 settist Kristján nokkur Ásmundsson að í Kothúsum í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu ásamt hyzki sínu, en hann hefir verið viðurkenndur sveitlægur í Leiðvallahreppi með brjefi hreppsnefndarinnar þar til hreppstjórans í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 28. nóv. 1890. — Þegar sama haustið varð Kristján bjargarlaus, og hjálpaði þá hreppstjóri Jón Breiðfjörð, sem hafði sveitaverzlun á heimili sínu, honum um bjargræði gegn góðum lofordum Kristjáns um skjóta endurborgun. Þegar öll þessi loford brugðust, neitaði hreppstjórinn að lána Kristjáni frekara, nema eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi og upp á hennar ábyrgð. Hreppsnefndin ljet þá gjöra aðsjón hjá Kristjáni, sem hreppsnefndin framkvæmdi 13. marz 1890, og reyndist þá heimili hans að kalla bjargarlaust. Eptir munnlegri beiðni Kristjáns veitti þá hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi honum bráðabyrgðarstyrk af sveitarfje, sem var úti látinn í ýmsum vörum af hreppstjóra Jóni Breiðfjörð úr verzlun hans, og var styrkurinn orðinn 22. júní 1890 108 kr. 86 aur. Um það leyti mun Kristján hafa verið fluttur austur á hrepp sinn, eða hann farið það sjálfkrafa. Hinn 21. ág. 1890 skrifaði Jón Breiðfjörð í umboði hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps hreppsnefndinni í Leiðvallahreppi, tjáði henni alla málavexti, og krafði hana um endurgjald á greindum 108 kr. 86 aur., en til sátta bauð hann þó, að láta 8 kr. 86 aura niður falla. Þessu brjefi svaraði hreppsnefndin í Leiðvallahreppi hinn 28. nóv. 1890, kannast við sveitfesti Kristjáns, hefur ekkert út á úttektar (skuldar-)reikning hans að setja, en færist þó undan að borga upphæðina, af þeim 2 ástæðum, að lánið hafi verið veitt upp á loford Kristjáns, en eigi sveitarsjóðsins, og að um of hafi verið dregið af hálfu Vatnsleysustrandarhrepps, að tilkynna styrkveitinguna Leiðvallahreppi. — Þegar borgun þannig eigi fjekkst góðmótlega, leitaði hreppstjóri Jón Breiðfjörð fyrir hönd Vatnsleysustrandarhrepps, aðstöðar valdstjórnarinnar í málinu.

Með því að hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi veitti hinn umrædda styrk af sveitarsjóði þar eptir beiðni Kristjáns, og eptir að lögleg aðsjón hafði fram farið hjá honum, er sýndi, að hann var þurfandi, verður lögmæti styrkveitingarinnar ekki mótmælt. Með því enn fremur eigi hefur verið sett út á reikninginn sjálfan, og með því engin átylla er til þess að segja, að styrkurinn hafi verið veittur upp á loford Kristjáns, en eigi gegn væntanlegu endurgjaldi af framfærslusveit hans, og með því að álíta verður, að styrkveitingin hafi eptir atvikum verið nægilega tímanlega tilkynnt Leiðarvallahreppi, skal jeg leggja fyrir yður, herra sýslumaður, að uppáleggja hreppsnefndinni í Leiðvallahreppi, um leið og þjer tilkynnir henni þennan úrskurð, að endurgjalda Vatnsleysustrandarhreppi framan greindar 108 kr. 86 a., án frekari undandrátta.

107 16. sept. óraskaður standa með þeirri breytingu, að upphæð sú, sem Leiðvallahreppi ber að endurgjalda, færist niður í 107 kr. 66 aura.

Dráttur sá, sem orðið hefir á máli þessu hjá amtinu frá $24/8$ 1891 til $31/8$ 1894 er mjög vítaverður, og hefði ef til vill mátt komast hjá honum, ef málið hefði á rjettum tíma verið lagt undir úrskurð sýslumannsins í Skaptafellssýslu, samkv. reglugj. $8/1$ 1834, 3. gr. 3. málslíð.

108 16. sept. *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfalings.* — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 31. f. m., hefi mótttekið umbeðnar skýrslur sem og önnur málskjöl viðvíkjandi sveitfestismáli Hjartar Theodors Johannessonar, sem með amtsúrskurði dags. 16. júní 1894 er úrskurðaður sveitlægur í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu, en úrskurði þessum hefir hreppsnefndin í tjeðum hreppi áfrýjað til mín, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður það er nú skal greina:

Hinn umræddi Hjörtur Theodor Johannesson, sem hefir notið sveitarstyrks í Bæjarhreppi í Strandasýslu, er fæddur utan hjónabands 8. okt. 1858 á Hallbjarnareyri í Eyrarhreppi, og hefir hvergi áunnið sjer sveitfesti. Það er sannað með framkomnum skýrslum, að móðir hans, Sigurdrif Guðbrandsdóttir, átti ekki fast heimili í Eyrarsveit, heldur var hún þar að eins um stundarsakir á dvöl, þegar hún varð ljettari að nefndu barni, Hirti Theodor. Það hefir ekki orðið sannað, hvar hún hafi átt heimili eða hvort hún hafi átt nokkurt fast heimili um þær mundir eða verið ráðin í nokkra vist þegar hún fór þaðan að afloknun barnsburði, en hitt er fullsannað, eins og þjer hafið tekið fram í þóknanlegu brjefi yðar, dags. 8. febr. þ. á., að næst á undan bráðabirgðadvöl sinni í Eyrarsveit átti hún lögheimili á Ósi í Skógarstrandarhreppi, og ber því samkvæmt fyrirmælum 7. greinar í fátækrareglugjörð 8. jan. 1834 að álíta þann hrepp sem fæðingarhrepp Hjartar Theodors Johannessonar.

Með því að hann, eins og áður er á vikið, hefir aldrei dvalið 10 ár samfleytt í sama hreppi eptir 16 ára aldur, ber að úrskurða hann sveitlægan í þeim hreppi, sem eptir lögunum verður að teljast fæðingarhreppur hans; skal því hjer með úrskurði amtsins frá 16. júní 1894 breytt þannig, að Hjörtur Theodor Johannesson skal sveitlægur í Skógarstrandarhreppi, og ber þeim hreppi að endurgjalda Bæjarhreppi í Strandasýslu framlag hans til tjeðs þurfamanns eptir sanngjörnum eða úrskurðuðum reikningi.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, skal þess getið, að auk þess sem talsverður dráttur hefir orðið á máli þessu hjá amtinu í tíð fyrirrennara yðar, er það vítavert við meðterð málsins, að það sjest ekki, að það hafi verið lagt undir úrskurð sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áður amtíð tók málið til úrskurðar, eins og átt hefði að gjöra sbr. reglugj. 8. jan. 1834, 3. gr. 3. málsgrein.

109 18. sept. *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um fúlgugreiðslu af hálfu vistarsveitar barnsföður.* — Eptir að hafa fengið þókanlegt